



Nefndasvið Alþingis

Reykjavík, 9. janúar 2014.

Vegna þskj. 243 – 195. mál – umsögn FRÍ

Frjálsíþróttasamband Íslands telur það vera lífsnauðsynlegt fyrir íþróttahreyfinguna að mótuð sé skýr og afdráttarlaus stefna í afreksíþróttum í landinu. Nauðsynlegt er að mati FRÍ að ríkisvaldið komi að þessu máli, eins og fyrirkomulagið er í nágrannalöndum okkar. Tveir aðalgallar eru á núverandi fyrirkomulagi afreksstyrkja og stefnu. Annar er sá að ekki er nægilegu fjármagni veitt til afreksmála í samanburði við nágrannalöndin og hinn er sá að langtímaþefnu eða sýn hefur skort og því hefur ekki verið hægt að taka ákvarðanir fram í tímann um uppbyggingu íþróttastarfs og afreksstefnu.

Reynslan sýnir að unga íþróttafólkið okkar stendur sig yfirleitt mjög vel á alþjóðlegum vettvangi. Sem dæmi er íslenskt frjálsíþróttafólk að vinna árlega til nokkurra titla á Norðurlandameistaramótum unglunga 19 ára og yngri. En þegar kemur að fullorðinsflokki sígur keppnisfólk annarra Norðurlanda yfirleitt fram úr okkur. Þetta sýnir að efniviðurinn er fyrir hendi, þekking þjálfara er það líka, en þegar kemur að því að íþróttafólkið taki út fullan þroska erum við ekki samkeppnisfær. Nú stendur frjálsíþróttahreyfingin frammi fyrir sínum efnilegasta hópi ungra íþróttamann um margra ára skeið, en getur lítið sinnt honum í samræmi við raunverulegar þarfir.

Augljóslega þarf mun meira fjármagn til verkefnisins. Nágrannapjóðir okkar og samburðalönd veita um það bil 3-4 sinnum meiri fjármunum til afreksíþróttamiðað við íbúafjölda en gert er hér á landi. Reynslan sýnir að það er ekki hægt nema í undantekningartilfellum að fá inn fjármagn til þess að gagna sem hægt er að reiða sig á með almennum söfnunum eða samningum við fyrirtæki. Einna helst vilja fyrirtæki tengja sig við þekkt íþróttafólk en hafa ekki þolinmæði til að fjárfesta í nauðsynlegri starfsemi íþróttafélaga eða sambanda innan hreyfingarinnar. Nauðsynlegt er að gefa sérsamböndum kleift að framfylgja afreksstefnu sem getur staðið undir nafni. Eins og búið er um hnútana í dag, er slíkt ekki hægt nema í undantekningartilfellum. Ekki er hægt að tala um raunhæfa stefnu í afreksmálum nema að starfsumhverfið sé tryggt.

Í samanburði við nágrannalönd okkar er íslensk íþróttahreyfing all vel mönnuð sjálfbóðaliðum, eða um það bil 50 á hverja þúsund íbúa. Þegar kemur að launuðu starfsfólki, þá er allt annað upp á teningnum. Launaðir starfsmenn eru um það bil 0,5-0,8 á hverja þúsund íbúa hér á landi, en eru 3-4 á öðrum Norðurlöndum og í öðrum nágrannalöndum okkar. Þetta gerir íslenska íþróttahreyfingu óvenju háða sjálfbóðaliðum, sem leiðir til meiri óstöðugleika í starfsemi hennar og þar af leiðandi skorts á árangri en ella þyrfti að vera.

Að sjálfsögðu má nýta betur þá möguleika sem fyrir hendi eru til að bæta umgjörð íþróttanna í landinu. Slíkt krefst ekki endilega aukinna útgjalda í samræmi við árangur. Mikil



Þekking er til hér á landi á mörgum sviðum. Góð og mikil þekking er til í heilbrigðisgeiranum, bæði inni á opinberum stofnum og í einkageiranum, s.s. læknar, sjúkráþjálfarar, næringaráðgjafar og annað fagfólk. Bæta þarf skipulegt aðgengi íþróttafólks og þjálfara að þessum sérfræðingum íþróttafólki til hagsbóta. Dæmi er um danskan handknattleiksmann sem er í afreksumhverfi þeirra og fór úr axlarlið í keppni. Hann var kominn í leikhæft form eftir 17 daga markvissa meðferð. Hér á landi þurfti ung og efnileg íslensk íþróttakona að bíða í hálf tveggja ár eftir að komast í aðgerð eftir svipuð meiðsli.

Svo virðist sem aðstaða fyrir einstaka íþróttagreinar sé ekki byggð upp til samræmis við þarfir eða vilja íbúa eða íþróttafólks. Þó svo að þessi mál tilheyri sveitarfélögum meira en ríkisvaldinu er nauðsynlegt að hafa stefnu um þessi mál því aðstaðan hefur áhrif á iðkun. Árið 1913 var einn knattspyrnuvöllur í Reykjavík og einn frjálsíþróttavöllur, reyndar sá sami. Árið 2013 er enn einn frjálsíþróttavöllur í borginni, reyndar í umsjón KSÍ með takmörkuðu aðgengi fyrir frjálsíþróttir, en a.m.k níu knattspyrnusvæði með 3-4 völlum hvert. Þetta hlutfall valla er í engu samræmi við fjölda iðkenda og þar af leiðandi ekki heldur í samræmi við vilja íbúa.

Síðan þarf að tryggja afreksfólki aðgang að þeirri aðstöðu sem til er. Dæmi var nefnt um Laugardalsvöllinn í Reykjavík sem er lokaður fyrir frjálsíþróttum einn dag af hverjum þremur á sumrin vegna knattspyrnuleikja. Sú frábæra innanhússaðstaða sem nú er til gæti verið miklu aðgengilegri en nú er. Rekstrarfyrirkomulag Laugardalshallarinnar er þannig að það borgar sig ekki fyrir rekstraraðila að hafa opið nema fyrir þá starfsemi sem hægt er að fá greitt fyrir. Íþróttahreyfingin (FRÍ í þessu tilfelli) hefur ekki efni á að greiða um kr. 30-40 þús. á klst. fyrir sitt afreksfólk

Þótt auknu fjármagni verði veitt til starfseminnar má það ekki verða án skilyrða. Íþróttahreyfingin þarf að sýna á móti hvernig hún mun ráðstafa auknum stuðningi og sýna fram á árangur með skýrum hætti. Í raun hefur ÍSÍ byggt upp slíkt kerfi að nokkru leyti, en það þarf að bæta.

Samhliða auknu fjármagni þarf að koma er nauðsynlegt að samræmdir séu þeir möguleikar sem eru fyrir hendi, sbr. það sem nefnt er hér að ofan. Slíkar aðgerðir gætu skilað ekki síðri árangri en meira fjármagn.

Virðingarfyllt,


Jónas Egilsson,
Frjálsíþróttasamband Íslands
formaður.